

**Minjaráð Austurlands**  
**fundur 10. janúar 2022**  
**Fjarfundur á Teams**

**Mættir:** Þuríður Elísa Harðardóttir form., Skúli Björn Gunnarsson, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Eyrún Þóra Guðmundsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir varam. Aðrir voru forfallaðir.

**Dagskrá:**

1. Síðasta fundargerð.
2. Störf minjavarðar
3. Breytingar á ráðuneytum
4. Næsti fundur
5. Önnur mál

*Þuríður setti fund kl. 13.05 og gengið var til dagskrár.*

**1. Síðasta fundargerð**

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar en hún hafði verið send út rafrænt. Fundargerðin staðfest.

**2. Störf minjavarðar**

Þuríður sagði frá helstu verkefnum sem eru á borði minjavarðar þessi dægrin. Enginn fundur var haldinn í desember eins og til stóð. Ársfundir Minjastofnunar hefur verið frestað fram í mars en ekki náðist að halda hann í nóvember. Minjavörður er fyrst og fremst að skrifa umsagnir vegna framkvæmda, m.a. vegna verkefna sem snúa að endurheimt votlendis.

**3. Breytingar á ráðuneytum**

Samkvæmt nýrri uppskiptingu málaflokka fara verkefni Minjastofnunar inn í nýtt ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftlagsmála sem Guðlaugur Þór Þórðarson stýrir. Þuríður sagði að unnið væri að þeirri tilfærslu og endurskipulagningu hjá stjórnarsýslunni.

Þuríður sagði frá 50 mkr. hækkun á framlagi til Minjastofnunar á fjárlögum 2022. Einnig komu 30 mkr. aukalega inn í Fornleifasjóð fyrir næsta ár vegna minja í hættu.

**4. Næsti fundur**

Stefnt á snertifund kringum 11. mars. Þuríður sendir út könnun um heppilegan fundartíma og fundarstað.

**5. Önnur mál**

**a. Facebook hópur fyrir minjaráð**

Þuríður sagði að komið hefði tillaga frá öðru minjaráði um að búinn yrði til Facebook hópur sem öll minjaráð landsins hefðu aðgang að og gætu nýtt til að deila hugmyndum og reynslu. Minjaráði Austurlands lýst vel á að sú tilraun verði gerð og telur að hún geti skapað betra flæði upplýsinga milli landshluta.

**b. Skýrsla um söfn á Austurlandi**

Elsa Guðný benti á að komin væri út skýrsla um söfn á Austurlandi og fýsileika á sameiningum. Skýrslan er unnin fyrir SSA og er aðgengileg á vef Austurbrúar.

**c. Skráning á búsetuminjum í Hornafirði**

Eyrún Helga sagði frá verkefni um skráningu á búsetuminjum sem hafið er innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Búið er að skrá minjar í Suðursveit og komin upp vefsíða undir slóðinni [www.busetuminjar.is](http://www.busetuminjar.is). Hún sýndi einnig ný örnefnaskilti sem komið verður fyrir á þremur stöðum við Hornafjörð í vor.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13.55.*  
*Skúli Björn ritaði fundargerð.*